

25.5.11

Efnh.- og skn.

Alþingi

Erindi nr. P 139/2792

komudagur 25.5.2011

**From:** [thordur.reynisson@idn.stjr.is](mailto:thordur.reynisson@idn.stjr.is) [mailto:[thordur.reynisson@idn.stjr.is](mailto:thordur.reynisson@idn.stjr.is)]

**Sent:** 25. maí 2011 18:10

**To:** Eiríkur Áki Eggertsson

**Cc:** [marianna.jonasdottir@fjr.stjr.is](mailto:marianna.jonasdottir@fjr.stjr.is); [gudrun.thorleifsdottir@fjr.stjr.is](mailto:gudrun.thorleifsdottir@fjr.stjr.is)

**Subject:** Re: FW: Efnahags- og skattanefnd - afgreiðsla mála

Sæll.

701. og 702. mál

Ítreka það sem við höfum áður bent á að æskilegt er að "leit" verði tekin út úr báðum þessum frumvörpum þar sem ekki er lengur veitt sérleyfi til leitar. Kristín Einarsdóttir veit einnig um þetta mál en iðnaðarnefnd lagði til að ákvæðum um leitarleyfin yrði breytt í álitinu sínu.

Hvað varðar umsögn FLE

#### Mál 702.

Með vísan til samtals okkar áðan að þá erum við í samstarfi við RSK að fara yfir 2. og 8. gr. frumvarpsins. Hugmyndir þínar um breytingar á 8. gr., þ.e. að miða við allar tekjur sem byggja rétt sinn á leyfi leyfishafa" er eitthvað sem við erum að skoða en við fyrstu sýn virðast þær til bóta.

Í athugasemdum við 10. gr. er bent á að mikið sé um huglæga mælikvarða. Með hliðsjón af eðli þessarar starfsemi og því að þarna er verið að tala um frádrátt frá tekjum þarf í slíkum tilvikum gjarnan að notast við matskennda mælikvarða. Það er þekkt úr öðrum skattalögum, t.d. þegar talað er um að kostnaðarverð eigi að vera svipaður því sem gengur og gerist á milli ótengdra aðila. Þegar slík álitamál koma upp þarf að veita og meta þau hverju sinni, t.d. með hliðsjón af markaðsverði á dreifingakostnaði eða þeim þjónustugjöldum sem um er að ræða. Þetta á við um flest þeirra atriða sem talin eru upp í athugasemdum FLE við 10. gr. frumvarpsins. Hvað varðar e-lið þeirra athugasemda að þá má benda á að viðkomandi leyfishafi á að senda Orkustofnun árlega áætlun um áformaða heildarvinnslu kolvetnis á næsta ári og skal hún endurskoðuð ársfjórðungslega. Líklegt þykir að þegar þrýstingur í lindinni er tekinn að falla og magnið tekið að minnka að hægt verði að áætla með nokkuð ásættanlegum árangri hvenær vænta megi þess að vinnsla stöðvist vegna þess að lindin hafi verið tæmd. Samskonar ákvæði um frestun á tekjum árið (eða árin) á undan lokaári eru í löggjöfum nágrannalanda okkar.

Hvað varðar athugasemdir um hugtakið "tengda aðila" vísast til þess sem við höfum bent á áður og notkun þessara hugtaka í öðrum skattalögum ( og einnig ýmsum öðrum lögum).

Gerð er athugasemd við orðasambandið "skattalegu bókfærðu verði heildareigna" í 18. gr. og lagt til að þess í stað verði notað "heildareignir samkvæmt ársreikningi". Mér er eigi kunnugt um að þetta orðaval orki tvímælis en ég skal kanna það. Bendi þó á í þessu sambandi að ekki er víst að þeir aðilar sem hér um ræðir þurfi að hafa endurskoðaðan ársreikning og reikningskil en þeir þurfa að standa skil á skuldbindingum sínum gagnvart skattayfirvöldum. Því gæti það verið til hagsbóta að byggja á þeim upplýsingum sem aðilar þurfa að skila til skattayfirvalda heldur en að skylda þá til að hafa endurskoðaða ársreikninga til að byggja á. Enn fremur má velja því fyrir sér hvort heildareignir samkvæmt ársreikningi séu jafn áreiðanleg tala skattalegt bókfært verð heildareigna.

#### Mál 701.

Við teljum ekki að ákvæðin um undanþegna veltu leiði óvissu. Hafa ber í huga að hefjist olíuframleiðsla á Drekasvæðinu má reikna með því að fáir aðilar falli undir ákvæðið. Við teljum þetta ekki stórt vandamál og bendum í þessu samhengi á að sala til erlendra aðila er undanþegin og eiga sömu sjónarmið einnig oft við í því tilvik.

Að öðru leyti teljum við ekki ástæðu til að bregðast frekar við athugasemdum FLE um þetta frumvarp nema þess sé óskað.

Kveðja,  
Þórður